

Mánudaginn 20. janúar 1997.

Nr. 31/1997.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Heimi Baldurssyni**

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. janúar 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 10. febrúar 1997 kl. 13.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá gerir varnaraðili kröfu um kærumálskostnað.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. desember 1996 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til 19. sama mánaðar. Með dómi Hæstaréttar þann dag var gæsluvarðhaldið lengt til 13. janúar 1997 á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þann dag gekk dómur í máli varnaraðila, og var hann dæmdur til átján mánaða fangelsisvistar vegna stórfelldrar líkamsárásar. Var brot ákærða talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Við uppkvaðningu dómsins tók varnaraðili sér lögboðinn frest til ákvörðunar um áfrýjun málsins. Samdægurs var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi með hinum kærða úrskurði.

Með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 19. desember 1996 var líkamsárás varnaraðila talin hrottafengin og lífshættuleg. Þykir fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila, og verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. janúar 1997.**

Krafa þessi, sem lögð var fram og tekin til úrskurðar í þinghaldi fyrr í dag, er til komin eftir uppkvaðningu dóms í máli nr. S-41/1996: Ákærvaldið gegn Heimi Baldurssyni. Í fyrrgreindum dómi var ákærða gert að sæta fangelsi í 18 mánuði vegna brots gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sem rök fyrir kröfu sinni vísar ríkissaksóknari til 106. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en fram kom við uppkvaðningu dómsins, að ákærði ætlaði að taka sér frest til að ákveða, hvort hann áfrýjar málinu til Hæstaréttar Íslands.

Af hálfu ákærða hefur fram kominni gæsluvarðhaldskröfu verið mót-mælt.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 19. desember sl., var dæmt um kröfu sýslumannsins á Sauðárkróki þess efnis, að Heimir sætti gæsluvarðhaldi vegna brotsins. Í dómi Hæstaréttar Íslands kemur fram, að fyrir liggi „rökstuddur grunur um, að varnaraðili hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og jafnframt, að líkamsárásin hafi verið hrottafengin og lífshættuleg. Þykir því fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 13. janúar 1997 kl. 13.00“.

Af þessum dómi verður ekki annað séð en það sé mat Hæstaréttar Íslands, að brot ákærða sé þess eðlis, að ætla megir varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Ekkert nýtt hefur komið fram í málinu frá þessum tíma annað en það, að árásarþolinn mun að öllum líkindum ná sér að fullu.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu ríkissaksóknara til greina og úrskurða Heimi Baldursson í gæsluvarðhald til mánudagsins 10. febrúar nk. klukkan 13.00.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Heimir Baldursson sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 10. febrúar nk. kl. 13.00.